

Samkvæmt skipaskrá Vestmannaeyja er m/b Suðurey, VE 20, að stærð 84.90 rúmllestir brúttó.

Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið rakið, og samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 20.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 6 vikna varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í m/b Suðurey, VE 20, skulu gerð upptæk, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Arnoddur Gunnlaugsson, greiði kr. 20.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 6 vikur.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í m/b Suðurey, VE 20, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. nóvember 1964.

Nr. 120/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Hjálmarí Jónssyni** (Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

#### Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Páll Þorbjörnsson og Angantýr Elíasson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á mælingum varðskipsmanna 30. marz 1964 og markað á sjóuppdrátt staði v/b Erlings, VE 295, eftir þeim mælingum. Reyndist staður bátsins klukkan 1239 um 17.6 sm innan fiskveiðimarkanna og klukkan 1254 um 16.2 sm innan þeirra.

Samkvæmt upplýsingum bæjarfógetans í Vestmannaeyjum var afli í v/b Erlingi, VE 295, 930 kg af ýsu, metinn hinn 31. marz 1964 á kr. 3.571.20 og veiðarfæri bátsins á kr. 22.900.00.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, athugunar Jónasar Sigurðssonar skólastjóra og svo þess, að gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því héraðsdómur gekk, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 1.951.09 seðlakrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 5.000.00, og málflutningslaun verjanda, kr. 5.000.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Hjálmar Jónsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Vestmannaeyja 29. júní 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. apríl s.l., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 3. apríl 1964, á hendur Hjálmari Jónssyni skipstjóra, Hásteinsvegi 34, Vestmannaeyjum, „fyrir að hafa gerzt sekur um

fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 87/1958, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 70/1958 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. nú 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 33/1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1959 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á vélbátum Erlingi, VE 295, undan Landeyjasandi um hádegi mánudagsins 30. marz 1964 innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961.

Ákæríst því nefndur Hjálmar til að sæta refsingu samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 87/1958 og 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. og 5. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði, Hjálmar Jónsson, er fæddur að Hlíðarenda í Ölfusi 26. júní 1921 og hefur sætt eftirfarandi kærur og refsingum: 1956 13/7 Í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 2., 4., 6., 7. og 8. gr. laga nr. 53/1930.

1957 20/11 Í Vestmannaeyjum: Dómur, 7.400 kr. sekt fyrir landhelgisbrot og afli og veiðarfæri m/b Erlings, VE 295, gerð upptæk.

Í kærú skipherrans á varðskipinu Albert, dags. 30. marz 1964, segir á þessa leið:

„Mánudaginn 30. marz 1964 var varðskipið á eftirlitsferð undir Landeyjasandi.

Kl. 1215 var tekið eftir grunsamlegum fiskibát, sem virtist hafa norðlæga stefnu.

Kl. 1239 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Þrídrangar réttvísandi 161°, fjarlægð 9.2 sjómílur.

Báturinn réttvísandi 309° fjarlægð 1.4 sjóm.

Gefur það stað bátsins um 17.4 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna á þessum stöðum. Skömmu áður en fyrrnefnd staðarákvörðun var gerð, sást, að báturinn var með togveiðarfærin á stb.síðu.

Kl. 1242 sást, að báturinn hafði lokið við að taka inn veiðarfærin og sigldi síðan undan varðskipinu.

Kl. 1251 stöðvaði báturinn.

Kl. 1254 var komið að m/b Erlingi, VE 295, og um leið var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Þrídrangar réttvísandi 149°, fjarlægð 11.5 sjómílur.

Gefur það stað bátsins um 16.0 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna á þessum stöðum.

Settur var út léttbátur og skipstjóri bátsins, Hjálmar Jónsson, fæddur 26.6. 1921, sóttur. Aðspurður viðurkenndi hann að hafa verið að togveiðum á þeim stöðum, þar sem hann var staðsettur kl. 1239. Honum var síðan sagt að fara til Vestmannaeyja, þar sem brot hans yrði kært.

Skipstjórinn var síðan fluttur yfir í bát sinn, en varðskipið hélt til annarra starfa.

Allar mælingar voru gerðar af skipstjóra og 1. stýrimanni varðskipisins.

Veður: SA 6—7 vindstig. Mistur.“

Skipherrann á varðskipinu, Sigurður Þorkell Árnason, og fyrsti stýrimaður varðskipisins, Albert Sigurjón Hannesson, mættu báðir fyrir sakadómi Vestmannaeyja og kváðu skýrslu þessa að öllu leyti rétta. Mælingarnar kváðust þeir hafa framkvæmt með gyro-áttavita og ratsjá. Báðir sögðu þeir, að ákærði hefði viðurkennt að hafa verið að togveiðum, er hann varð var við varðskipið. Báðir staðfestu þeir framburði sína með eiði.

Er ákærði mætti fyrir réttinum, skýrði hann svo frá, að hann hefði farið í þenna róður, er klukkan var langt gengin níu. Fyrst hafi hann haldið vestur að Blindskerjum með handfæraveiðar í huga. Þar voru þeir í um það bil þrjú kortér og héldu síðan undir Landeyjasand. Þar átti að kasta trolli.

Var það sett í sjóinn og hlerar hífðir út fyrir lunningu, og lá trollið við síðu bátsins á meðan. Næst kvaðst ákærði hafa ætlað að keyra út grandrópana, en þá kom hann auga á varðskipið og sá sitt óvænna og lét hífa inn troll og hlera. Fyrsti vélstjóri bátsins, sem jafnframt er eigandi hans og útgerðarmaður, gaf skýrslu fyrir réttinum, og hneig framburður hans mjög í sömu átt.

Ákærði gerði engar athugasemdir við staðarákvarðanir varðskipsmanna, en hann kvaðst aldrei hafa viðurkennt fyrir þeim, að hann hefði verið að togveiðum, enda kvaðst hann líta svo á, að togveiðar séu ekki hafnar, fyrr en varpan sé í botni. Kvaðst hann því ekki viðurkenna að hafa verið að togveiðum, er varðskipið bar að, þótt hann hins vegar myndi hafa byrjað að toga

svo sem fimm mínútum síðar, ef ekkert hefði komið fyrir.

Samkvæmt viðurkenningu ákærða sjálfs var ásetningur fyrir hendi til ólöglegra togveiða, og veiðarfæri voru komin í sjó. Að áliti réttarins var brot því fullframið, þótt ekki kæmi meira til. Telur rétturinn því sannað með eiðfestum framburði varðskipsmanna og játningu ákærða sjálfs, að ákærði hafi verið að ólöglegum togveiðum á m/b Erlingi, VE 295, er varðskipið bar að í umrætt sinn. Hefur ákærði þar með gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem tilgreind eru í ákæru.

Samkvæmt skipaskrá er m/b Erlingur, VE 295, að stærð 22.60 rúmllestir brúttó.

Samkvæmt opinberum skýrslum um gullgengi, jafngilda nú 100 gullkrónur 1951.09 seðlacrónum.

Með tilvísun til þess, er nú hefur verið tekið fram, þykir refsing ákærða samkvæmt tilvísuðum lagaákvæðum, að undanskilinni 5. gr. laga nr. 5/1920, hæfilega ákveðin kr. 20.000.00 í sekt, er ákærði skal greiða til Landhelgisjórðs Íslands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 6 vikur.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Erlingi, VE 295, er gerður upptækur, og rennur andvirðið í Landhelgisjórð Íslands.

Allan sakarkostnað ber ákærða að greiða.

#### Dómsorð:

Ákærði, Hjálmar Jónsson, greiði kr. 20.000.00 í sekt til Landhelgisjórðs Íslands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 6 vikur.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Erlingi, VE 295, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgisjórð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---